

2.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 4. febrúar 2026 kl. 14:00 og er haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði. Tveir hreppsnefndarmenn er með á fjarfundi.

Mætt eru til fundar Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpvík. Oddviti ritar fundargerð. Óskað var eftir að bæta við einu máli og var það samþykkt og verður beitt við sem númer 1.

Dagskrá fundarins:

1. Úthlutun byggðakvóta til Árneshrepps.
2. Póstur frá NTÍ vegna váttrygginga.
3. Gjaldskrár vegna byggingaleyfa og fleira.
4. Skil á upplýsingum um hafnir fyrir árið 2025.
5. Póstur frá Kaldrananeshreppi og hreppsnefndarfundur þeirra 28.01.26.
6. Styrkur frá EBÍ, eignarhaldsfél. Brúnabótafél. Íslands.
7. Sorpsamslag Strandasýslu, fundur með starfsmönnum 28.01.26.
8. Fundur "Gefum íslensku sjéns" haldinn 29.01.26.
9. Samskipti við Loftslags- og orkusjóð.

1. Úthlutun byggðakvóta til Árneshrepps. Hreppsnefnd lýsir yfir vonbrigðum með að byggðakvótinn til Árneshrepps hefur minnkað um helming frá því sem var. Hreppsnefnd samþykkir einnig að oddviti sækji um samskonar undanþágur og gert hefur verið öll undanfarin ár.
2. Póstur frá NTÍ vegna váttrygginga. Lagt fram til kynningar.
3. Gjaldskrár vegna byggingaleyfa og fleira. Oddviti greindi frá stöðu mála og vonandi liggur fyrir ný gjaldskrá innan tíðar.
4. Skil á upplýsingum um hafnir fyrir árið 2025. Oddviti mun sjá um að senda inn umbeðnar upplýsingar um hafnir. Ennfremur var rétt að ekki hefur gengið eftir að fá greidda styrki

til landflutninga undanfarin ár. Ennfremur ítrekar hreppsnefnd að Vegagerðin finni og sendi upplýsingar varðandi höfnin í Ingólfarsfirði og taki ábyrgð á henni.

5. Póstur frá Kaldrananeshreppi og hreppsnefndarfundur þeirra 28.01.26. Um viðræður sveitarfélaganna framundan. Í bréfi dagsettu 28.nóvember 2025 leggur verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldraneshrepps til við sveitarstjórnir sveitarfélaganna tveggja að gengið verði til formlegra viðræðna um sameiningu skv. 119.grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarstjórn Árneshrepps samþykkir fyrir sitt leiti að hefða formlegar sameiningarviðræður við sveitarstjórn Kaldraneshrepps skv. 119.grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og skipar eftirtalda tvo aðalfulltrúa og til vara í samstarfsnefnd sem skal kanna möguleika á sameiningu sveitarfélaganna. Aðalmenn: Arinbjörn Bernharðsson, Delphine Briois og Eva Sigurbjörnsdóttir. Varamaður er Sólveig Rögnvaldsdóttir. Samstarfsnefnd er falið að gera verk- og tímaáætlun fyrir verkefnið og sækja um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði. Hreppsnefnd samþykkir að visa málinu til síðari umræðu.
6. Styrkur frá EBÍ, eignarhaldsfél. Brúnabótafél. Íslands. Oddviti ætlar að skoða með styrk fyrir slökkvímámskeið.
7. Sorpsamslag Strandasýslu, fundur með starfsmönnum 28.01.26. Delphine sagði frá hvernig staðan er og lagði fram skjal yfir allar ferðir og kostnað á árinu 2025. D. ætlar að óska eftir sorpdagatal fyrir hreppinn. Breytingar hafa orðið á verðlagningu frá áramótum. Hreppsnefnd óskar eindregið eftir að aftur verði settur niður gámur í Norðurfirði fyrir sumarið. Hreppsnefnd ítrekar einnig við íbúa að við vöndum okkur betur þegar farið er með úrgang á þá staði þar sem leyft er að losa. Hreppsnefnd mun leita allra ráða til að minnka kostnað, með því að fækka ferðum ef þess er kostur. Á fundinum með Sorpsamlaginu kom fram að þar er verið að breyta vinnulagi þannig að auðveldara verður að fylgjast með kostnaði.
8. Fundur "Gefum íslensku sjéns" haldinn 29.01.26, lagt fram til kynningar.
9. Samskipti við Loftslags- og orkusjóð. Oddviti fór yfir málið. Loftslags- og Orkusjóður mun styrkja síðasta áfanga ljósleiðarverkefnisins á milli Norðurjarðar og Fells um 33% af útlögðum kostnaði. Rafmagnsmælar í sveitarfélaginu. Árneshreppur borgaði 7,4 milljónir í rafmagn á síðasta ári. Þegar skoðaður er kostnaðurinn virðist vera einhverjir möguleikar á að lækka kostnað.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 16:20.